

Grásteinn í Grafarholti

Álitsgerð um minjagildi ætlaðs álfasteins

Ragnheiður Traustadóttir



7

Grásteinn í Grafarholti

Álitsgerð um minjagildi ætlaðs álfasteins

Ragnheiður Traustadóttir



Ljósmynd á forsiðu: Grásteinn í Grafarholti. Ljósmynd. Ragnheiður Traustadóttir

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Ragnheiður Traustadóttir

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Heimildir og helstu málavextir	5
Álfar og þjóðminjavarðslan	12
Samantekt	14
Niðurstöður	15
Eftirmáli	16
Heimildaskrá	17
Viðauki, kort	18

Grásteinn í Grafarholti

Álitsgerð um minjagildi ætlaðas álfasteins

Inngangur

Grásteinn er nefnist klofinn steinn við Vesturlandsveg austan Grafargils og hafa álfar verið sagðir búa í honum.

Vegna vegaframkvæmda á árunum 1970 og 1971 var hann fluttur þangað sem hann stendur nú, en óhöpp voru sett í samband við þann flutning og álfasögur kviknuðu og fengu byr undir báða vængi.

Af þessum sökum var Grásteinn tekinn með við fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands á svæðinu árið 1983. Af því leiddi að steinninn var talinn njóta verndar þjóðminjalaga. Var því Vegagerð ríkisins bannað að færa steininn aftur nema hún fengi samþykki fornleifanefndar fyrir því. Vegna áforma um að breikka Vesturlandsveg óskaði Vegagerðin eftir slíkri heimild árið 1998 og fékk hana, en með því skilyrði, að áður skyldi leita allra leiða til að komast hjá því að hrófla við steininum.

Álitamál er hvort steinninn eigi að vera verndaður. Tilgangur þeirrar athugunar, sem kynnt er í þessari skýrslu, var að grafast fyrir um hvort Grásteinn tengdist þjóðtrú að því leyti, að hann heyrði með réttu og lögum samkvæmt undir þjóðminjavörsluna.

Eru fyrst raktar helstu heimildir um steininn, þá lagaákvæði og skráningarreglur sem hér koma til álita og að lokum eru veigamestu atriðin dregin saman í niðurstöðu.

Í málinu, sem hlotið hefur verulega athygli, kristallast ýmis vandamál sem minjavarslan í landinu stendur andspænis og orðið er tímabært að fjalla um vegna síaukins eftirlits með skipulags- og umhverfismálum. Gefst í þessu máli gott tækifæri til að brjóta sum þessara vandamála til mergjar og gera tillögur til úrbóta.

Álitsgerð þessi er samin að beiðni Þórs Magnússonar, þjóðminjavarðar, Hjörleifs Stefánssonar, minjastjóra útisviðs Þjóðminjasafns Íslands, og Margrétar Hallgrímsdóttur, borgarminjavarðar.

Heimildir og helstu málavextir

Elsta heimild um Grástein mun vera örnefnaskrá sem Björn Bjarnarson í Gröf (síðar Grafarholti) ritaði fyrir jörð sína og gaf Landsbókasafninu 2. maí 1918. Í örnefnalýsingu Grafarholts hefur Grásteinn hlotið raðnúmerið 289 og Grásteinsholt 290.¹ Skráin er mjög ítarleg, en ekki er annað sagt um stein þennan en hvar hann stóð.

Grásteins virðist svo hvergi vera getið síðan fyrir en í sambandi við vegaframkvæmdirnar við Vesturlandsveg árið 1971 - og þá í fyrsta sinn í tengslum við huldufólk.

Greindi frá því á forsíðu Vísis hinn 29. júlí það ár hvernig álfatrú tengd steininum hafði áhrif á vegavinnuna:

Verða „álfasteinarnir“ hreyfðir?

Þar sem unnið er að vegagerð í landi Grafarholts í Mosfellssveit má sjá gífurlega stóra steina, sem liggja rétt utan við veginn. „Álfasteina“ kalla vegavinnumennirnir þessi björg.

Um síðustu áramót voru steinarnir fluttir af þeim stað þar sem þeir höfðu verið frá fyrstu tíð. Þá voru ekki allir jafnfúsir til verksins, sem þó var unnið. Reyndar var áður kvaddur til fjölfróður maður, og hann sagðist verða var við eitt og annað í námunda við steinana.

Vegavinnumennirnir fullyrða nú, að þeir sem áttu þátt í að flytja steininn um áramótin hafi allir orðið fyrir einhverjum óhöppum og slysum. – Sá koittur kom upp fyrir skömmu að nú ætti að flytja steinana á nýjan leik, en vegavinnumennirnir eru ekki hrifnir af þeirri

¹ Örnefnalýsing Grafarholts. Óprentað handrit e. Guðlaug R. Guðmundsson. Reykjavík 1977. Örnefnastofnun.

hugmynd, og þeir, sem Visir talaði við, sögðu afdráttarlaust, að þeir myndu neita að koma nálægt því verki. Nú standa málin þannig, að ekki hefur verið endanlega ákveðið hvort aftur verði hróflað við steinunum né heldur hverjir verði fengnir til þess verks, ef af verður, því að þeir, sem vinna nú við framkvæmdirnar neita að eiga þar hlut að máli. Þó segjast þeir ekki vera hjátrúarfyllri en gengur og gerist.²

Frá þessu máli var svo nánar sagt á bls. 9 og 10 í blaðinu:

Í landi Grafarholts í Mosfellssveit eru menn að leggja veg; nýttíkulega hraðbraut með stórum tækjum og mikilvirkum. Þar eru að verki ungir menn en hraustir, sem kippa sér ekki upp við hvað sem er, og hika ekki við að umbreyta náttúrunni með jarðýtum og dínamítí. Að minnsta kosti hafa þeir ekki gert það til þessa. Nú eru þó farnar að renna á þá tvær grímur. Orsök þessa hiks og hugarfarsbreytingar er heljarmikið bjarg, sem vegagerðarmennirnir eru sín á milli farnir að kalla álfasteininn.

Blaðamaður Vísis hafði spurnir af þessum merkilega steini, og brá sér upp í Mosfellssveit til að líta á hann og hitta vegagerðarmenn að máli.

Þar urðu fyrir svörum menn, sem stjórna jarðýtum, þeir Stefán Arnar Steingrímsson, sem er Fljótamaður að uppruna, og Arnþór Jónsson frá Möðrudal á Fjöllum, sem kunnur er í pop-heiminum fyrir gítarspil og eftirminnilegan leik í „Hárinu“.

„Hvar er þessi steinn?“

„Þeir eru fleiri en einn,“ segja þeir. „Þarna rétt neðan við veginn.“

Þar liggja þrjú björg. Eitt þeirra er miklu mest, annað nokkru minna og hið þriðja tiltölulega lítið a.m.k. í samanburði við hin tvö, enda kemur það upp úr kafinu að það hefur brotnað úr stærsta bjarginu, þegar við steinunum var hróflað.

„Og nú þarf að flytja þessa kletta aftur?“

„Já,“ segja þeir. „Ef það fæst þá einhver til þess.“

Klettarnir voru fluttir úr stað um síðustu áramót, en þá voru þeir í vegi fyrir framkvæmdunum. Þrjár kröftugar jarðýtur sáu um að róta þeim til, en ekki nógu langt, því að nú eru klettarnir fyrir enn einu sinni.

„Þið hafið ekki átt neinn þátt í að flytja steinana síðast?“

„Nei,“ segir Stefán. „En bróðir minn var einn af þremur, sem við það fékkst.“

„Er hann þá ekki til í að gera það aftur?“

„Nei,“ segir Stefán. „Ég held, að enginn þeirra vilji neitt við þessa steina eiga. Þeir slösudust allir þessir þrír, eftir að þeir áttu við steinana. Bróðir minn slasaðist alvarlega á fæti.“

„Og hvað ætlar þú að gera Stefán ef þú ert beðinn að færa til steinana?“

„Ég hreyfi þá ekki,“ segir hann. „Ég kem ekki nálægt því.“

„Ertu svona hjátrúarfullur?“

„Ekki hef ég verið talinn það. Ætli ég sé nokkuð hjátrúarfyllri en aðrir.“

„En þú?“

„Ég?“ segir Arnþór. „Ég snerti þá ekki. Kemur ekki til mála.“

„Hvað um aðra sem vinna hérna. Eru þeir til í að reyna?“ Þeir halda ekki. Þeim hefur heyrt á félögum sínum að enginn þeirra sé fús til að eiga neitt á hættu.

„Hvað haldið þið að sé í steininum. Af hverju eruð þið svona smeykir við að færa hann?“

Þeir líta hvor á annan. Yppta öxlum. „Það er ekki gott að segja,“ segja þeir. „Alla vegna hreyfum við hann ekki.“

Og þar með er málið útrætt. Það fæst ekki upplýst, hvað er svona vöðalegt við steininn, það virðist engu síður hafa komið á daginn, að það er ekkert sérstakt happaverk að hrófla við honum, ef miðað er við reynslu þeirra, sem það hafa gert.

Eiga klettarnir sér einhverja sögu? Það ætti Kristín Bæringsdóttir að vita, en hún hefur verið húsfreyja í Grafarholti í 29 ár.

„Jæja, eru þeir smeykir við að færa hann Grástein?“ segir Kristín.

„Grásteinn?“

„Já, steininn heitir Grásteinn. Sá stóri. Þann minni var fólk vant að kalla Litla bróður.“

„Veiztu til þess að einhverjar sögur séu tengdar þessum steinum?“

„Nei,“ segir Kristín. „Ég hef aldrei heyrt neinar sögur um steinana. Aftur á móti hafa margir sagt að það hlyti að vera huldufólk í svona stórum steinum. En ég hef ekki heyrt um að nokkurs hafi orðið vart í grennd við steinana. Þeir eru reyndar merkilegir að því leyti þessir steinar, að öll börn, sem verið hafa hér í Grafarholti, hafa átt búin sín við steinana, og þar var fallegur gróður, bæði burknar og berjalyng.“

„Þú hefur þá ekki trú á því, að neitt mundi henda mennina, þótt þeir færðu steinana til?“

„Nei,“ segir Kristín. „Ég held meira að segja, að það væri skynsamlegast fyrir þá að færa steinana sem fyrst, og ganga almennilega frá þeim. Síðast tókst nú ekki hönduglegar en svo, að þeir mölvaðu stykki úr

² Þ.B. Vísir 29. júlí 1971.



Horft í vestur yfir framkvæmdasvæðið. Grásteinn nokkuð til hægri við vinnuskúrinn. Ljós. Ragnheiður Traustadóttir.

Grásteini, og svo liggja steinarnir allt öðruvísi en þeir eiga að gera. Ef þeir eru hræddir við einhver óhöpp mættu þeir nú sjá sóma sinn í því að ganga sæmilega frá steinunum.“

„Hefur þú sjálf aldrei orðið vör við neitt hjá steinunum.“

„Nei,“ segir Kristín Bæringsdóttir. „Nei. – Og þó ...“

„Blessuð segðu frá ...“

„Það tekur því ekki að segja frá svoliðis,“ segir Kristín. „Það var ekkert merkilegt ...“

„Hvað gerðist?“

„Það var um vetur, að ég var að koma úr húsi, sem stóð hérna skammt frá. Þetta var að kvöldlagi í fallegu veðri og ég fer að horfa kringum mig, og þá verður mér litið á Grástein, og ég fæ ekki betur séð en hann standi opinn og inni fyrir sé mikil ljósadýrð ...“

„Nú ... og svo hefur þú tekið til fótanna?“

„Nei. Ekki gerði ég það nú. Mér datt í hug að athuga þetta dálítið nánar og gekk að steininum. Þá hafði skafið upp að steininum nema á einum stað var eins og rauf í snjóinn, þar sem mér sýndist steinninn vera opinn. En þegar ég kom nær sá ég að ljósadýrðin var endurspeglun frá hjarninu og ljósið kom frá húsinu, þar sem ég hafði verið.“

Ennþá er ekki farið að hrófla við steinunum. En nauðsynlegt er að gera það einhvern tíma í nánustu framtíð. Samt liggur í augum uppi, að erfitt verður að fá menn til verksins, því að þótt fáir vilji viðurkenna að þeir séu hjátrúarfullir, eru flestir þess sinnis, að hollast sé að taka ekki neina áhættu, ef hjátrúin skyldi eiga við eitthvað að styðjast.³

Samkvæmt æviminningum Skúla Pálssonar á Laxalóni tók jarðýtustjóri, sem vann við vegagerðina, í sundur vatnsinntak fiskeldis hans í nóvember árið 1970. Drápust 90 þúsund laxaseiði úr súrefnisskortri.⁴ Að sögn Guðmundar Einarssonar, verkfræðings, sem var sá verktaki sem annaðist framkvæmdina, var óhapp þetta tengt því, að Grásteinn hafði verið fluttur daginn áður.⁵ Sigurður Nordal gerði að umtalsefni frétt Vísis, sem tilfærð var að framan, í forspjalli sínu að öðru

³ Ibid.

⁴ Eðvarð Ingólfsson. Baráttusaga athafnamanns. Endurminningar Skúla Pálssonar á Laxalóni. Æskan 1988. Bls. 80.

⁵ Morgunblaðið 15. janúar 1999.

bindi Þjóðsagnabókarinnar 1972 og nefndi Margt býr í þokunni:

*Engar sögur höfðu farið af neinni bannhelgi, sem á þessum steinum hvíldi, enda ástæðulítið til skamms tíma að gera ráð fyrir því, að þeir fengju ekki að standa óáreittir.*⁶

Sigurði Nordal þótti aftur á móti athyglisverð þau svör viðmælenda blaðsins, sem unnu við vegagerðina, að þeir þættust ekki hjátrúarfyllri en „gengur og gerist“:

*Að vísu mun það ekki fjarri lagi, að Íslendingar séu öllu hneigðari til hjátrúar en nokkur önnur þjóð með jafnmikla 'almenna menntun', sem svo er kölluð. En víðast hvar er allt þess háttar barið niður, þótt ekki sé með öðru en að telja það óbrigðult merki einfaldni og fáfræði, sem einungis sauðsvartur almúginn geti verið þekktur fyrir að koma upp um. Maurer varð þess var nokkuru fyrir miðja 19. öld, að fólk hér á landi fyrirvarð sig sjálft fyrir alls konar hjátrú og játaði hana „naumast fyrir sjálfu sér, hvað þá öðrum.“ Nú er eins og þetta sé breytt. Ungu fólkíð getur kinnroðalaust játað, að það sé (að minnsta kosti) jafnhjátrúarfullt og gengur og gerist, - hvort sem þessu veldur nú meira sjálfstæði einstaklinganna eða nýtt mat hjátrúarinnar.*⁷

Er auðséð á ritgerðinni, að Sigurður Nordal styðst ekki við aðrar heimildir hvað Grástein varðar, en fréttageininna í Vísi.

Sumarið 1980 safnaði Ágúst Ólafur Georgsson, þjóðháttufræðingur og starfsmaður Þjóðminjasafnsins, upplýsingum um fornleifar á svæðinu. Um Grástein segir í skráningu hans:

Álagasteinn er fyrir neðan Grafarholt, á vinstri hönd þegar keyrt er frá Reykjavík. Reynt var að fjarlægja hann þegar nýi Vesturlandsvegurinn var byggður. Tókst ekki betur til en svo, að ýmis verkfæri og vélar biluðu við það, og stendur steinn þessi enn. (Heimildarmaður: Jól Jólsson bóndi, Reykjahlíð II, f. 22.01.1921. Viðtal 16.07.1980. ÁÓG).

Halldór (Kiljan) Laxness, Gljúfrasteini, þekkir einnig þessa sögu um álagasteininn á móts við Grafarholt. Kallar hann steininn álagastein, en nefndi hann engu sérstöku nafni. Steinninn er því álagasteinn, en heitir það ekki, skv. frásögn Halldórs. Halldór segir að reynt

*hafi verið að sprengja steininn. Einhver undur gerðust svo í sambandi við þetta allt. Var steininum svo ýtt saman, en hann hafði klofnað í tvennt, og jafnvel hlaðið undir hann líka. Stendur hann nú fyrir neðan veg, á vinstri hönd, þegar ekið er frá Reykjavík. (Viðtal 26. júlí 1980. ÁÓG).*⁸

Premur árum síðar vann Bjarni F. Einarsson, fornleifafraeðingur, fornleifaskráningu fyrir Þjóðminjasafnið. Hann gaf steininum skráningarnúmerið 116 og sagði hann vera álfastein í landi Grafarholts, á að giska 2 ½ m á hæð og 3 m á breidd, klofinn. Munnmæli hermdu að reynt hefði verið að fjarlægja steininn við gerð Vesturlandsvegur og hann sprengdur. Við þetta hefðu vélar og verkfæri tekið að bila svo að hætt hefði verið við að fjarlægja steininn.⁹

Nafns hans var ekki getið, sem bendir til að láðst hafi að fletta upp í öðrum þá tiltækum heimildum um Grástein en samantekt Ágústar Ólafs Georgssonar, þ.e.a.s. örnefnaskrá, Vísi og Þjóðsagnabók Sigurðar Nordals. Slík heimildakönnun hefði einnig leiðrétt þann misskilning þegar í upphafi, að menn hefðu reynt að sprengja steininn.

Fornleifadeild Þjóðminjasafnsins hafði á þessum tíma tekið að flokka fornminjar á skrá eftir minjagildi og var steinninn settur í svokallaðan A-flokk fornleifa.¹⁰ Guðmundur Ólafsson, fornleifafraeðingur og deildarstjóri á Þjóðminjasafninu, skýrir flokkunina með svofelldum hætti:

Skrásetjari flokkar þær fyrst á staðnum hverja fyrir sig, eftir ástandi og áætluðum aldri, en síðan eru þær endurmetnar í úrvinnslunni og þá með tilliti til heildarinnar. Minjunum er skipt í 3 aðalflokka eftir minjagildi (A-C) og 4 undirflokka eftir áætluðum aldri þeirra (1-4).

A-flokkur er sá, sem mest minjagildi hefur, og ber að reyna að varðveita þær minjar sem þangað flokkast.

Í B-flokk fara fornleifar, sem slæmt væri að missa án þess að frekari könnun væri gerð fyrst.

⁶ Sigurður Nordal. Þjóðsagnabókin II. Íslenzk þjóðfræði. Reykjavík 1972. Bls. xx.

⁷ Ibid. Bls. xxi.

⁸ Ágúst Ólafur Georgsson. Öprentuð gögn úr skjalasafni fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík, Grafarholt.

⁹ Bjarni F. Einarsson. Þjóðminjaskráning í Reykjavík, nr. 101-150. 17. ágúst, 1983. Nr. 116.

¹⁰ Ibid.

Í C-flokk fara þær fornleifar, sem ekki hafa neitt sérstakt minjagildi.

1 táknar tímabilið 870-1000.

2 táknar tímabilið 1000-1550.

3 táknar tímabilið 1550-1800.

4 táknar tímabilið 1800 og yngra.¹¹

Til þess að gefa hugmynd um fjölbreytni minjanna í Reykjavík og hvernig þær voru flokkaðar nefnir Guðmundur Ólafsson dæmi og segir um álfabyggðir/álagabletti:

Sjálfsgagt er að varðveita slíkar minjar. Þrjár staðir voru skráðir í Reykjavík¹². Stór álfasteinninn í landi Grafarholts, sem sprengdur var við lagningu Vesturlandsveggar, var settur í A-4 flokk.¹³

Í greinargerð um borgarminjar segir Guðmundur enn fremur að minjar af þessu tagi séu „valdar sem dæmi um ákveðna tegund minja, fremur en að þær séu einstakar í sinni röð.“¹⁴

Grásteinn var aftur í fréttum í júní 1994 vegna þess að hann var fyrir áformuðum vegaframkvæmdum, tvöföldun Vesturlandsveggar. Í fréttapættinum 19.19 á Stöð 2 sagði frá því hinn 20. júní það ár að færa þyrfti steininn um 25 m leið, en Erla Stefánsdóttir, sem þjóðkunn sé fyrir tengsl sín við huldufólk, sæi hús í báðum steinunum og í þeim litlar verur glaðlegar. Samkvæmt fréttinni höfðu þessar verur flutt í steininn eftir að hann var síðast færður.¹⁵

Tveimur dögum síðar sagði Einar Birnir, sem fæddur er og uppallinn í Grafarholti og síðasti ábúandi þar, í fréttum Stöðvar 2, að Grásteinn væri ekki álfasteinn. Hrekkur hefði komið þeirri sögu af stað.¹⁶

Þetta sama ár vann Árbæjarsafn að endurskoðun og útgáfu á skrá um fornleifar í Reykjavík og var henni gefið heitið Fornleifaskrá Reykjavíkur. Um haustið færði Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, nú sem starfsmaður Árbæjarsafns, inn

í skrána upplýsingarnar um Grástein, sem hann hafði aflað við vettvangskönnun sína árið 1983, en með þessari viðbót:

Steinninn stendur nú á manngerðri undirstöðu úr steinum. Upphaflega stóð hann annars staðar nærri. Álfatrúin er seinni tíma uppfinning. (Jóhann Pálsson garðyrkjustjóri). Álfasögnin við steininn var óþekkt fyrir á tímum, og hvergi þekkt í nágrenninu. Nú er verið að breikka Vesturlandsveginn og færast hann þá nær steininum.¹⁷

Steinninn var talinn til svokallaðra „huglægra fornminja“ sem „tengjast hugarheimi forfeðranna og þykja mikilvægur vitnisburður um andlega menningu þeirra og þjóðarinnar“.¹⁸ Gilti einu þótt álagatrú á steininn væri ný af nálinni og tengdist hugarheimi samtímamanna en ekki „forfeðranna“.

Við Grástein var sett upp borgarminjaskilti Árbæjarsafns.

Var nú kyrrt um þetta mál til ársins 1998 að Vegagerðin vildi ráðast í framkvæmdir við Vesturlandsveg.¹⁹ Við mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar vegarins benti Árbæjarsafn á að veglínan færi nærri Grásteini, en taka yrði tillit til hans með því að hann væri á Fornleifaskrá Reykjavíkur.²⁰

Almenna verkfræðistofan hf., sem hannaði veglínuna fyrir Vegagerðina, óskaði eftir því að færa Grástein um 27 m til norðurs til að geta breikkað veginn eins og þurfa þótti.²¹ Margrét Hallgrímsdóttir, borgarminjavörður, leitaði eftir heimild fornleifaneftndar til þess. Fornleifaneftnd svaraði með eftirfarandi hætti:

Jafnframt því sem vísað er til heiðraðrar umsóknar yðar til Fornleifaneftndar, dags. 16. nóvember 1998, varðandi leyfi nefndarinnar til að flytja megi svoneftndan Grástein við Vesturlandsveg vegna fyrirhugaðrar breytingar á þeim vegi, skal yður hérmeð gefið til kynna, að nefndin samþykkti á fundi sínum í dag að leggja eigi gegn umræddu jarðraski, verði það fram-

¹¹ Guðmundur Ólafsson. Fornleifaskráning í Reykjavík. Landnám Ingólfs, nýtt safn til sögu þess. Reykjavík 1986. Bls. 215.

¹² Fleiri slíkum stöðum hefur verið bætt í skrána síðar.

¹³ Guðmundur Ólafsson. Fornleifaskráning í Reykjavík. Landnám Ingólfs, nýtt safn til sögu þess. Reykjavík 1986. Bls. 215.

¹⁴ Guðmundur Ólafsson. Borgarminjar. Greinargerð. Þjóðminjasafn Íslands, 14. mars 1986.

¹⁵ Eggert Skúlason. Stöð 2. Fréttahandrit dags. 20. júní 1994.

¹⁶ Ibid. dags. 22. júní 1994.

¹⁷ Bjarni F. Einarsson. Fornleifaskrá Reykjavíkur. Árbæjarsafn 1995. Bls. 147.

¹⁸ Ibid. Bls. 18.

¹⁹ Hringvegur. Frummat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Almenna verkfræðistofan hf. Reykjavík 1998.

²⁰ Anna Lísu Guðmundsdóttir. Bréf til Almennu verkfræðistofunnar hf. dags. 2. júlí 1998. Árbæjarsafn.

²¹ Guðjón Guðmundsson. Bréf til Árbæjarsafns dags. 10. nóvember 1998. Almenna verkfræðistofan hf.

kvæmt með þeim hætti og af þeirri ástæðu, sem fram kemur í umsókninni. Er því orðið við umsókninni með eftirfarandi athugasemdum nefndarinnar.

Leyfið er veitt í trausti þess, að niðurstaða rækilegra athugana hafi leitt í ljós, að ekki sé unnt að framkvæma umræddar vegarbætur með öðrum hætti en þeim, sem hér um ræðir, en nefndin gerir sér grein fyrir því að vegarbæturnar eru mjög aðkallandi. Nefndin beinir þó þeim eindregnu tilmælum til framkvæmdaraðila, að steinninn verði alls ekki hreyfður efnunnt yrði að komast hjá því, eftir endurskoðaða og nánari athugun sem kynni að breyta þeirri hönnunarhugmynd um vegarstæði, sem nú er uppi. Leyfi þetta er m.a. veitt sökum þess, að steinninn hefur áður verið færður úr stað og jafnframt benda heimildir til þess, að álagatrú sumra manna á steinunum hafi stofnast nýlega og sé ekki runnin frá fólki, sem býr eða býið hefur í næsta nágrenni við steininn. Þetta er þó ekki fullkannað. Verði steinninn hreyfður er rétt að þess verði gætt, að sem minnst röskun verði af framkvæmdinni fyrir alla hlutaðeigandi og snyrtilegs verklags verði gætt í hvívetna.

Leyfið er bundið því skilyrði að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdinni og geri viðeigandi ráðstafanir eftir því sem þörf kann að gerast.

Ofangreint leyfi er veitt af Fornleifanefnd í samræmi við þjóðminjalög nr. 88/1989, sbr. lög nr. 98/1994 og reglugerð nr. 334/1998.²²

Almenna verkfræðistofan lét umbeðna könnun fara fram og komst að raun um að færa þyrfti Grástein.²³ Borgarminjavörður féllst á þá niðurstöðu svo fremi flutningurinn ætti sér stað undir eftirliti fulltrúa Árbæjarsafns sbr. leyfi fornleifanefndar.²⁴

Í fréttabréfi Vegagerðarinnar er fjallað um Grástein og rakin saga hans að miklu leyti og gerð eftirfarandi athugasemd við Fornleifaskrá Reykjavíkur, þar sem þess er ranglega getið að reynt hafi verið að sprengja steininn:

Hann var fjarlægður úr vegstæðinu og færður á þann stað, sem til stóð. Hann mun hafa verið fluttur með jarðýtu og gröfu en brotnað svo í tvo hluta þegar hann var lagður niður á núverandi stað. Reyndar segir ein heimild að steinninn hafi verið frostsprunginn eða

jafnvel brotinn áður en hann var færður. Í skráningunni segir að álfasögnin sé nýtilkomin og styðja ýmsar heimildir það. Það er mjög líklegt að þessar sögur hafi farið af stað í kringum vegaf framkvæmdirnar og kannski verið sagðar í stríðni til að byrja með. Þetta er kannski gott dæmi um hvernig nútíma þjóðsögur verða til.²⁵

Grásteinn varð enn á ný fréttafni í janúar 1999, þegar leyfi til að flytja hann var fengið. Í Morgunblaðinu greindi Helgi Hallgrímsson, vegamálastjóri, frá því að hann yrði fluttur til af tveimur meginástæðum, annars vegar þar sem um skemmtilegt og nokkuð áberandi kennileiti væri að ræða, en hins vegar vegna sögusagna um álfabyggð í steininum.²⁶

Í sömu blaðagrein sagði Sigurður Sigurðarson, dýralæknir, sem býr í grennd við steininn, að þegar steinninn var færður fyrra sinnið hefði hann klofnað og snúist, þannig að það sem áður sneri upp snúi nú niður.²⁷

Haft var eftir Guðmundi Einarssyni, verkfræðingi og framkvæmdastjóra Aðalbrautar sf., sem stóð að lagningu Vesturlandsvegar árið 1970, að eitt óhapp hefði orðið í kjölfar þess að steinninn var fluttur, eins og áður er á minnst:

„Daginn eftir að steinninn var færður lenti stjórnandi annarrar jarðýtunnar sem kom að því verki í því óhappi að klippa í sundur lögn sem veitti vatni til silungaeldis í nágrenninu. Á annað þúsund seiði drápust fyrir vikið. Ýtustjórinn kenndi þátttöku sinni í flutningi steinsins um og neitaði að koma frekar að því verki, þannig að steinninn var skilinn eftir þar sem hann stendur núna,“ segir Guðmundur. [...] Hann segir að Pétur Jónsson í Véltekni, sem átti jarðýtuna, hafi fengið álfafræðing til að skoða steininn og hélt sá fram að í Grásteini væri hústökufólk, það er að segja álfar sem hefðu flutt í steininn eftir að hann var færður. „Hann taldi að þarna hefði verið álfabyggð áður, en hún lagst af af óljósum ástæðum, og hústökufólkið flutt þarna inn í kjölfar flutninganna,“ segir Guðmundur.

Sigurður [Sigurðarson] tók þátt í að girða umhverfis steininn í kjölfar flutningsins til að minnka ágang á svæðinu og kveðst telja hann í senn fegra umhverfi sitt og setja sterkan svip á það. Hann sé því fylgjandi að steinninn verði fluttur nú í stað þess að hann verði

²² Páll Sigurðsson. Leyfi til flutnings svonefnds Grásteins við Vesturlandsveg dags. 23. nóvember 1998. Fornleifanefnd.

²³ Guðjón Guðmundsson. Bréf til Árbæjarsafns dags. 7. desember 1998. Almenna verkfræðistofan hf.

²⁴ Margrét Hallgrímsdóttir. Bréf til Almennu verkfræðistofunnar dags. 9. desember 1998. Árbæjarsafn.

²⁵ Viktor A. Ingólfsson. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 25. janúar 1999. Vegagerðin.

²⁶ Morgunblaðið 15. janúar 1999.

²⁷ Ibid.



Grásteinn í Grafarholti. Ljosm. Ragnheiður Traustadóttir.

eyðilagður við vegarlagninguna. Þá hafi ýmsir áhugamenn um álfabyggðir sýnt steininum ræktarsemi og sé ekki óalgengt að þeir vitji steinsins.²⁸

Þá var rætt við Karl Guðmundsson, verkfræðing,²⁹ sem hafði fyrir hönd Vegagerðarinnar eftirlit með lagningu Vesturlandsvegur á sínum tíma, en hann sagði að treysta skyldi varlega mörgu því, sem um Grástein er sagt:

„Þegar verið var að hanna veginn, sem nefndur er Vesturlandsvegur 2, fannst ákveðnum manni að þessi nýi vegur, sem var hár hjá Grafarholti, að hann myndi skemma fyrir sér útsýnið. Hann fann því hjá sér hvöt til að ljúga því upp að þetta væri álfasteinn, til að reyna að koma í veg fyrir að vegurinn yrði lagður þarna. Þá var mér sem eftirlitsmanni falið að kanna málið.

Ég kom að máli við tvö gamalmenni sem voru unglingar um aldamótin, Steindór Björnsson, kenndan

við Gröf, og Helgu Björnsdóttur, húsfreyju í Mosfellssveit. Þau voru sammála um að foreldrar þeirra hefðu aldrei nefnt álfa í sambandi við þennan stein. Hins vegar hefðu foreldrar þeirra beðið um að þau væru ekki með ærsl ofaná steininum, sem þau héldu að væri vegna þess að hann var hár og þau gátu meitt sig ef þau dyttu af honum,“ segir Karl.

Óíbúðarhæfur álfasteinn

„En svo gerðist það að yfirmaður verktakans, sem var mikill spekingur í öðrum heimi en ekki spekingur í að hafa samband við álfa, fékk sérfræðing í þeim efnum til að fara á fund álfanna. Álfafræðingurinn kom með þá sögu að í steininum hefði búið álfafjölskylda, en hins vegar hefði steinninn verið orðinn svo lélegur að hann var orðinn óíbúðarhæfur. Þess vegna hafði fjölskyldan flutt. En önnur álfafjölskylda sem var í húsnaðishraki, hafði flutt inn í steinninn um tíma, þangað til hún fékk betra húsnaði. Þetta var áður en byrjað var á veginum. Þetta hafði þó lítil áhrif, því að Grásteinn varð að vera álfasteinn. Við verkið vann ýtumaður sem var bölvaður glanni. Einu sinni kom ég að honum þar sem ýtan var búin að endastíngast ofan í gryfju og í annað skipti braut hann rör fyrir Skúla í Laxalóni, þannig að verktakinn varð að borga háar fjárhæðir í skaðabætur, og í

²⁸ Ibid.

²⁹ Skv. Vegagerðinni sendi Karl Guðmundsson, verkfræðingur, Þjóðminjasafninu bréf eftir að álfasögur viðvíkjandi steininum fóru af stað 1971, þar sem hann rökstuddi þá skoðun sína að álfatrú á steinninn væri nýtilkomin. Bréf þetta hefur ekki fundist hjá safninu og er ekki til í afriti hjá sendanda. Viktor A. Ingólfsson. Tölvubréf til Þórs Magnússonar, þjóðminjavarðar, dags. 6. janúar 1999. Þjóðminjasafn Íslands.

þriðja skipti braut hann niður mjög mikilvægt fastmerki sem var notað til að mæla fyrir veginum, auk ýmislegs annars.

Eitt hið seinasta sem hann gerði, áður en hann hætti hjá verktakanum, var að flytja Grástein, sem þá var kominn í tvennt vegna frostsKemmda, löngu áður en byrjað var á veginum. Um það bil hálfum mánuði eða mánuði síðar, var búið að snúa tímatalinu við og öll hans óhöpp sögð hafa gerst eftir að hann flutti steininn. Þannig var álfasagan hreinn tilbúningur og menn hafa skemmt sér við að laga hana til og gera hana skrautlegri. Ef allar álfasögur verða til með þessum hætti, gef ég ekki mikið fyrir álfasögur.³⁰

Einnig var haft viðtal við Einar Birni fyrrnefndan frá Grafarholti, sem fullyrti að allar álfasögur í tengslum við Grástein væru seinni tíma uppspuni: „Þessar sögur voru búnar til þegar vegurinn var lagður þarna til að reyna að hafa tæknimenn hjá Vegagerðinni að viðundrum og athuga hversu hjátrúarfullir þeir væru. Það lukkaðist fullkomlega. Þær álfasögur sem hafa gengið af steininum síðan eru frá þeim tíma. Mitt fólk bjó þarna frá 1898 og hafði aldrei heyrt neinar álfasögur í sambandi við þennan stein og tók svo sannarlega ekki þátt í að búa þær til.

Þegar vegagerðarmenn spurðu mig um sannleiksgildi sagnanna, tjáði ég þeim að verið væri að hrekkja þá, en þeir vildu meina að ég væri svo ungur að ég myndi ekki eftir álfunum og töluðu við föðursystur mína. Hún skellihló og sagðist aldrei hafa heyrt aðra eins vitlesu. Þá fóru þeir aftur í manninn sem bjó til söguna og hann sagði að ekkert þýddi að spyrja þetta fólk, því að það væri meira eða minna hundheidið. Þeir þorðu því ekki öðru en að færa steininn,“ segir Einar.

Kona sá fjölbýli

Hann [þ.e. Einar] kveðst oft hafa leikið sér í kringum steininn sem krakki, og væri hann hlynntur því að hann væri dreginn upp á hól fyrir ofan veginn í staðinn fyrir að setja hann niður fyrir veginn eins og gert var á sínum tíma. „Maður sem ég fór með upp að steininum fyrir nokkru, kvaðst hafa verið þar skömmu áður með konu sem sá fjölbýli í steininum. Ég vildi á sínum tíma kveða niður að mitt fólk hefði búið til svona rugl-sögur, og fagna því að geta ítrekað það. Þjóðsögur geta verið skemmtilegar en folkið mitt var jarðbundið og vissi hvenær var dagur og hvenær var nótt. Það hafði gaman af þjóðsögum, en það er eitt að hafa gaman af

sögum og annað að trúna að allt sé satt sem í þeim stendur.“³¹

Um ætlaða álfabyggð í Grásteini var fjallað í fleiri fjölmiðlum um þetta sama leyti, án þess að þar kæmi neitt fram sem máli skiptir umfram það, sem þegar hefur verið nefnt.

Álfar og þjóðminjavarslan

Upp úr síðustu aldamótum skrifaði séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili að trúin á huldufólk eða álfa væri „lengst framan úr heiðni komin, eins og kunnugt er af Eddunum og fornsögunum“. En í þjóðtrú seinni alda ber ekki á þessari goðkynjuðu álfatrú, heldur eru álfarnir mannverur alveg eins og annað fólk, að öðru leyti en því, að það er ekki sýnilegt mannlegum augum nema þeim, sem skyggir eru, eða þegar það vill láta sjá sig. [...] Álfatrúin er alls ekki útdauð enn, - jafnvel ekki meira en svo, að mennsk stúlka trúlofaðist huldumanni úti í Fljótum nú fyrir fám árum (nokkru eftir 1900).³²

Enn eimir eftir af trú manna á huldufólk og áhuginn á dulheimum lifir góðu lífi. Dæmi eru um að gerð séu kort af álfabyggðum og sjáendur kvaddir til áður en ráðist er í bygginga- eða vegaf framkvæmdir til þess annað hvort að ganga úr skugga um hvort jarðbúar sitji í fleti fyrir eða hvort unnt sé að ná samningum við þá um raskið, sem af framkvæmdunum hlýst.

Hér á landi er alls ekki fátítt að álfasögur verði til, þegar stórvirkar vinnuvélar bila eða virðast ekki vinna á steinum og klettum. Glöggd dæmi um það er álfhóllinn við Álfhólsvæg í Kópavogi. Fremur en að fjarlægja hólinn var vegurinn látinn sveigja fram hjá honum. Vegagerðin hefur enda ítrekað á undanfórnum áratugum verið vörud við að raska ákveðnum blettum vegna hindurvitna:

Á þessar raddir hefur verið hlustað og reynt að finna lausn á vandanum. Í einhver skipti hefur verið hinkrað með framkvæmdir svo huldir íbúar fengju tækifæri til að flytja sig. Í örfáum öðrum tilfellum hefur veglínu verið hnikað ofurlítið til en þó án kostnaðarauka. Með þessu eru ráðamenn Vegagerðarinnar ekki að taka afstöðu til trúar á álfa og huldufólk en eru hins vegar að reyna að taka tillit til eindreginna óska fólks sem kemur þessum skoðunum á framfæri.³³

³¹ Ibid.

³² Jónas Jónasson. Íslenzkir þjóðhættir. 3ja útg. Reykjavík 1961. Bls. 406.

³³ Viktor A. Ingólfsson. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. 25. janúar 1999. Vegagerðin.

³⁰ Morgunblaðið 15. janúar 1999.

Staðir tengdir þjóðtrú, þar á meðal ætluð húbýli álfa, urðu ekki sérstaklega verndaðir með lögum fyrr en árið 1990 að ný þjóðminjalög tóku gildi. Tilgangur þjóðminjalaganna nr. 88/1989 með áorðnum breytingum er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar,³⁴ þar með taldar fornleifar. Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].³⁵

Grásteinn var skráður í fornleifaskráningu Þjóðminjasafnsins árið 1983, sjö árum áður en núgildandi þjóðminjalög voru sett, en í samræmi við stefnu fornleifadeildar að reyna eftir megni að skrá staði sem tengdust þjóðtrú, svo sem álagabletti, álfabyggðir o.þ.h.:

Það má því kannski segja, að fornleifaskráning Þjóðminjasafnsins sé í reynd tilraun til menningarsögulegrar allsherjarskráningar, byggðri á staðbundnum minjum og þjóðsagnaarfi þjóðarinnar.³⁶

Sama stefna réð við setningu nýju þjóðminjalaganna, þar sem álagablettir og staðir og kennileiti tengd þjóðtrú eru talin til fornleifa skv. f-lið 16. gr. Liggur fyrir að fornleifar eru ekki aðeins minjar sem mannaverk eru á, þrátt fyrir áskilnað um það í upphafi lagagreinarinnar, heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráningu á Íslandi og í anda hennar hafa t.d. verið skráðir orrustuvellir, sögustaðir og álagablettir/álfasteinar.

Auk Grásteins eru fjórar álfabyggðir skráðar í Fornleifaskrá Reykjavíkur, álfabyggð við Ármúla-skóla (nr. 105), álfhóll sunnan við fjölbýlishúsið við Vesturberg 2-6 (nr. 129), huldumannasteinar við Háaleitisbraut 9 (nr. 146) og álfhóll við Breiðagerðisskóla (nr. 148). Til að mynda var skipulagi hliðrað til vegna álfhólsins við Vesturberg.³⁷

Þjóðminjalögin gera ráð fyrir að minjar eldri en 100 ára gamlar skulu að jafnaði álitnar fornleifar og njóta verndar laganna, en þar segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til“.³⁸ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Á hinn bóginn njóta ekki yngri minjar þessarar verndar án þess að vera friðlýstar. Þjóðminjasafnið ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðlýstar.³⁹

Borgarminjavarslan getur mótað stefnu um varðveislu minja um sögu og þróun borgarinnar, þar sem tekið er tillit til yngri minja en 100 ára. Verndun þeirra fyrir ágangi eða röskun verður þó aðeins studd með vísun í þá stefnu eða hugsanlegar samþykktir borgaryfirvalda, en ekki í 17. grein þjóðminjalaganna.

Friðhelgi fornleifa samkvæmt lögnum er ekki undir því komin að þær séu kunnar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að

³⁴ 1. gr. þjml. nr. 88/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994.

³⁵ 16. gr. sbr. 18. gr. ibid.

³⁶ Guðmundur Ólafsson. Fornleifaskráning í Reykjavík. Landnám Ingólfs, nýtt safn til sögu þess. Reykjavík 1986. Bls. 212.

³⁷ Bjarni F. Einarsson. Fornleifaskrá Reykjavíkur. Árbæjarsafn 1995. Bls. 136, 160, 177 og 179.

³⁸ Sbr. 17. gr. þjml. nr. 88/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994.

³⁹ Sbr. 18. gr. ibid.

tilkynna það Þjóðminjasafninu tafarlaust. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun fornleifanefndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilmálum framkvæmdir megi halda áfram.⁴⁰ Í þessu sambandi má einnig geta þess, að sá sem þarf að haggja við fornleifum skal skýra Þjóðminjasafninu frá því, áður en hafist er handa um verkið, og lýsa nákvæmlega þeim breytingum sem af framkvæmdinni mundi leiða. Í þeim tilvikum ákveður Þjóðminjasafnið hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum⁴¹ - en virðist þó engu að síður þurfa að uppfylla skilyrði 17. gr. um leyfi fornleifanefndar.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningarinnar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslunni þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, auk rannsókna og kynningar, en það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikil fjárútlát í för með sér. Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning þjónar því bæði hagsmunum minjavörslu, rannsókna og kynningar og þeirra sem stýra landnotkun og standa fyrir framkvæmdum.

Samantekt

Málið snýst ekki um hvort álfar búi í Grásteini í Grafarholti, heldur hvort álagatrú á hann eigi rætur sínar að rekja svo langt aftur í tíma að hann skuli telja með fornleifum í skilningi 16. gr. Þjóðminjalaganna og þar með heyra undir Þjóðminjavörsluna. Hlýtur að teljast eðlilegt að álagablettir og aðrir staðir, sem tengjast síðum og Þjóð-

trú, vinni sér sess meðal fornleifa á sama hátt og mannvirki og gripir.

Heimildarmenn greinir raunar á um hvort Grásteinn sé yfirhöfuð álfasteinn.

Ábúendur í Grafarholti og annað staðkunnugt fólk hafði aldrei heyrt á það minnst, fyrr en framkvæmdir hófust við Vesturlandsveg; steinninn hétí hins vegar Grásteinn og hefði verið vinsælt leiksvæði barna. Alþekktur fræðasjór, Björn Bjarnarson, bóndi í Gröf (síðar Grafarholti), skráði 320 örnefni fyrir jörð sína snemma á þessari öld. Skrá hans er afar nákvæm, svo að telja má öruggt að hann hefði látið fylgja athugasemd um Grástein, væri því trúað að í honum byggju álfar. En því er ekki til að dreifa.

Nokkrir vegavinnu menn og sjáendur á þeirra vegum þóttust hins vegar sjálfir verða varir við álfana í steininum í byrjun áttunda áratugarins. Aðrir, sem töldu sig vita að hann væri álagasteinn, þ.e. Halldór Laxness, skáld, og Jóel Jóelsson, bóndi, heyrdðu söguna um hann í sambandi við vegagerðina upp úr árinu 1970, enda var hún þá sögð í víðlesnu dagblaði.

Eftirlitsmaður Vegagerðar ríkisins hefur haldið því fram að óhöpp, sem tengd voru flutningnum á Grásteini, hafi orðið áður en steinninn var færður og ber brigður á staðhæfingar um annað, telur þær aukinheldur sprotnar af annarlegum hvötum.

Heimildakönnun bendir þess vegna tvímælaust til þess að álfasögur voru ekki tengdar Grásteini fyrr en í lok ársins 1970. Af því leiðir að Grásteinn getur hvorki talist til fornleifa fyrr en í fyrsta lagi árið 2070, – þegar álagatrú á steinninn á sér að minnsta kosti aldarlanga sögu –, né heyrt undir Þjóðminjavörsluna í landinu, nema að hann verði friðlýstur skv. 16. og 18. gr. Þjóðminjalaganna.

Vert er að hafa í huga að skrá Þjóðminjasafns Íslands um friðlýstar fornleifar er af nokkuð öðrum toga og þjónar að ýmsu leyti öðrum tilgangi en fornleifaskráning safnsins og Fornleifaskrá Reykjavíkur, sem Árbæjarsafn gaf út, þótt hún heiti fornleifaskrá, bæði í eldri gerðum Þjóðminjalaganna⁴² og við fyrstu - og fram á þennan dag - einu útgáfu á henni árið 1990.⁴³ Valda þessi líku heiti á skránum hæglega misskilningi.

Skrár safnanna um fornleifar eru upplýsinga-

⁴² Sjá 6. gr. l. um verndun fornmenja nr. 40/1907 og 10. gr. þjml. nr. 52/1969.

⁴³ Ágúst Ó. Georgsson. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1990.

⁴⁰ Sbr. 20. gr. ibid.

⁴¹ Sbr. 21. gr. ibid.

brunnur, sem getur t.d. nýst við skipulagsgerð, en minjar í þeim verða ekki sjálfkrafa friðaðar við það að vera teknar upp í skránar, líkt og við á um minjar í friðlýsingaskránni. Í því felst munurinn, að hinar friðlýstu minjar njóta sérstöðu. Á t.a.m. að þinglýsa friðlýsingunni sem kvöð á landareign þá sem í hlut á.⁴⁴ En jafnvel þá skrá ber að endurskoða reglulega.

Minjar í Fornleifaskrá Reykjavíkur eru fæstar friðlýstar eða þinglýstar, en séu þær 100 ára eða eldri njóta þær samt almennrar verndar þjóðminjalaganna.⁴⁵ Yngri minjar – og skiptir engu þótt þær hafi ratað inn í Fornleifaskrá Reykjavíkur eða fornleifaskráningu Þjóðminjasafnsins⁴⁶ – eiga sér ekkert skjól í þjóðminjalögunum, hafi þær ekki verið friðlýstar.

Fáein dæmi eru um að minjar frá seinni heimsstyrjöld og iðnminjar frá fyrri helmingi þessarar aldar hafi verið skráðar við fornleifaskráningu til þess að auðvelda skipulagsyfirvöldum og landeigendum að taka ákvarðanir um þær og jafnvel varðveita til seinni tíma, þótt þær séu of ungar til þess að njóta verndar þjóðminjalaganna og heyra undir fornleifanefnd. *M.a. af þeim sökum er ávallt nauðsynlegt að meta sjálfstætt minjarnar í þeim skrám, þegar kemur fram krafa um að hrófla við þeim.*

Var þá rétt að skrá Grástein?

Sjálfsgagt þykir orðið að skrá og varðveita upplýsingar um staði og kennileiti sem tengjast menningu og atvinnuvegum ekki síður en minjar gerðar af manna höndum. Með setningu þjóðminjalaganna nr. 88/1989 var beinlínis hnykktt á því að slíka staði skyldi fara með sem fornleifar væru. Hér skarast svið fornleifafræðinnar við svið þjóðháttufræði, sagnfræði og örnefnafræði. En fornleifaskráning Þjóðminjasafnsins átti að vera vísir að menningarsögulegri allsherjarskráningu. Grásteinn var settur í flokk með minjum frá 19. og 20. öld, en álitinn hafa varðveislugildi, þar sem hann væri gott dæmi um þá tegund minja sem álfasteinar tilheyra.

Flokkunarkerfi þetta hefur verið aflagt og er í mesta lagi haft til hliðsjónar í minjavörslunni. Þess háttar einkunnagjöf fornleifa þótti ekki gefast vel.

⁴⁴ 18. gr. þjml. nr. 88/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994.

⁴⁵ Sbr 17. gr. ibid.

⁴⁶ Fornleifaskráning Þjóðminjasafnsins ber titilinn þjóðminjaskráning – og er ekki til þess að einfalda málið; hún er þó aldrei kölluð annað en fornleifaskráning.

Gildi minja er hvikult og ekki fast í hendi, það getur verið háð tíðaranda, síbreytilegu umhverfi og afstöðu til annarra minja svo að dæmi séu tekin. Almennt má þó segja að huglægar minjar eigi að lúta sömu lögmálum og hlutstæðar minjar. Að jafnaði er því ekki ráðlegt að færa í minjaskrár upplýsingar um álagabletti o.þ.h. sem eru nýlega til orðnir og eru jafnvel reistar á hughrifum atvinnusjáenda.

Niðurstöður

Grásteinn í Grafarholti hefur frá ómunatíð verið áberandi kennileiti í landslaginu, en ekki tengst trú á álfa fyrr en í seinni tíð og eru engar sagnir til um hann eldri en 30 ára. Hann er einkum til sýnis fyrir erlenda ferðamenn, en nauðsynlegt reynist að fjarlægja hann vegna aðkallandi vegabóta sumarið 1999.

Grásteinn stendur ekki á sínum upphaflega stað heldur var færður, a.m.k. tvisvar, við lagningu Vesturlandsvegar árin 1970 og 1971. Bjargið er talið vera um 50 tonn að þyngd, en þegar því var bylt klofnaði það, trúlega um frostsprungu, og er nú í tveimur hlutum, sem hvíla hlið við hlið á hlaðinni undirstöðu innan girðingar skammt frá veginum. Raunar má segja að hann sé í þremur hlutum, því að undir norðurhlið Grásteins liggur lítið grjót, sem sýnist hluti af því stærra. Ef marka má frásögn Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis, snúa steinarnir á haus. Það er því fráleitt neitt upprunalegt snið á þeim lengur.

Álagatrú á Grástein er yngri en 100 ára og nýtur hann því ekki verndar þjóðminjalaganna og heyrir ekki undir þjóðminjavörsluna, fremur en allar þær álfabyggðir sem ákveðin bæjarfélög hafa látið merkja inn á kort eftir tilsögn svonefndra sjáenda. Þegar af þeirri ástæðu er miklum vafa bundið hvort borið hafi að skrá Grástein í fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands árið 1983. Tilurð álfasteina/álagabletta í samtíma er rannsóknarefni fyrir aðrar fræðigreinar en fornleifafræði, sem á að fást við leifar frá horfinni tíð.

Gefur augaleið að gera átti rækilegri könnun á sögu hans í upphafi og þá ekki síður þegar skráning hans var endurskoðuð fyrir útgáfu Fornleifaskrár Reykjavíkur árið 1995. Hefði legið beinast við að leggja frásagnir ábúenda í Grafarholti til grundvallar, sem rengdu söguna um álfa í steininum staðfastlega, fremur en þeirra heimildarmanna, sem bjuggu söguna til eða heyrðu hana í sambandi við vegavinnuna 1970.

Á hitt ber einnig að líta, að Árbæjarsafn hefði átt að endurmeta minjagildi Grásteins algerlega óháð skráningu hans í Fornleifaskrá Reykjavíkur, þegar erindi barst frá Vegagerðinni um flutning á honum. Eru það eðlileg vinnubrögð hverju sinni, ekki einungis fyrir þær sakir að ungar og ófriðaðar minjar kunna að vera í skránni, heldur einnig vegna þess að minjagildi fornleifa getur breyst frá einum tíma til annars.

Með því að fornleifanefnd í leyfisbréfi sínu um að flytja steininn úr stað tók beinlínis fram að saga hans væri ekki fullkönnuð, hefði verið við hæfi að krefjast slíkrar athugunar áður en erindi Vegagerðarinnar fékk endanlega afgreiðslu. Rannsóknarregla stjórnsýslulaga felur í sér að mál eigi að vera nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar í þeim. Ætla má að þá hefði komið á daginn að óþarft væri að leita heimildar hjá fornleifanefnd fyrir röskun á steininum og að fara fram á eftirlit fornleifafræðings með flutningi á honum.

Af framansögðu virðist vera ljóst að þjóðminjavörsluna skorti bæði rök og lagastoð til að standa í vegi fyrir því að Vegagerðin færi steininn á nýjan leik eins og henni þykir henta, svo að hann standi ekki fyrir áformaðri breikkun Vesturlandsbrautarinnar.

Er það álit skýrsluhöfundar að Grástein beri að fella brott úr skráum um fornleifar sem og aðra álagabletti/álfasteina sem orðið hafa til á þessari öld. Sanngjarn hlýtur að þykja, að álagablettur fái færi á að sanna sig í nokkrar kynslóðir, áður en hann er settur á fornleifaskrá eða friðlýstur. A.m.k. þyrfti að upplýsa greinilega í skránni hvenær og af hvaða tilefni fyrst sést getið um þvílíkar varúðir, svo að þær trufla ekki skipulag og framkvæmdir ófyrirsynju eins og Grásteinn hefur gert. Annað mál er að klettur og hólar í túnjaðri geta haft tilfinningagildi fyrir þá, sem eitt sinn áttu þar leiksvæði sín.

Engin hætta er á að Grásteinn falli í gleymsku, þótt hann sé útlægur ger úr fornleifaskrá. Hans er þó altént getið í örnefnaskrá, þar sem hann á heima. Þjóðfræðingar skyldu svo fylgjast með því hvaða sögur verða til, þegar steinninn verður fluttur næst, og hvernig þær verða til.

Málefnið er ögrandi og vekur til umhugsunar um hvort skilgreining þjóðminjalaganna á fornleifum geti verið of víðtæk og hvort ekki sé brýnt að skapa samræmda stefnu um skráningu á fornleifum og þá ekki síst svonefndum „huglægum fornleifum“. Eins er vert að velta fyrir sér hvaða sess yngri

minjar eiga að hafa í slíkum skráum, svo sem hernaðarmannvirki úr seinni heimsstyrjöld og leifar sem vitna um breytta atvinnuvegi þjóðarinnar á þessari öld.

Loks skal á það minnt að heitið fornleifaskrá á skrá um friðlýstar minjar er villandi, því að það kann að benda til að hún grípi yfir meira efni en raun ber vitni, að hún sé nánast tæmandi skrá um þær fornminjar á landinu sem ber að varðveita. Því fer auðvitað fjarri. Færi betur á að minjaskrár, sem eru fyllri heimildir um þekktar fornleifar, eins og sú sem Árbæjarsafn gaf út árið 1995 undir nafninu Fornleifaskrá Reykjavíkur, bæru einmitt heitið fornleifaskrá.⁴⁷ Skráin um friðlýstar fornminjar fengi á hinn bóginn nafn með þrengri merkingu, sem væri jafnframt gagnsætt, og hétu einfaldlega Friðlýsingaskrá fornleifa. Með hliðsjón af því að fornleifafræðingum er orðið tamt að tala um fornleifaskrár – og eiga þá ekki við friðlýstar minjar sérstaklega – verður ekki litið svo á að hefð hafi myndast um þetta hugtak í sambandi við friðlýsingaskrána. Í nýju þjóðminjalögum er heldur ekkert um það getið hvað skráin um friðlýstar minjar skuli heita.

Verði þessar tegundir skráa skýrt aðgreindar með einhverjum þeim hætti, sem hér er lagt til, mun það vafalaust stuðla að því að eyða þeirri óvissu, sem nú ríkir, og átti þátt í verndun Grásteins á rögum forsendum.

Eftirmáli

Skýrslu þessari var dreift til hlutadeigandi aðila sumarið 1999, en áður en hún fór í prentun fyrir almenna dreifingu dró til tíðinda. Grásteinn var fluttur mánudaginn 18. október um 37 m til norðurs og vesturs. Flutningurinn tók um fjórar klukkustundir og sagði Sigursteinn Hjartarson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, í samtali við Morgunblaðið að allt hefði gengið vel, ef frá er talið að tréskófla brotnaði. Stærri bjargið vóg 35 tonn og hið minna 15 tonn.⁴⁸ Þeim var komið fyrir á sama hátt og þau stóðu síðast.

⁴⁷ Bent hefur verið á heitið minjaskrá einnig, sbr. náttúruminjaskrá. Mestu skiptir að aðilar minjavörslunnar komi sér saman um lausn til frambúðar, sem ekki veldur misskilningi.

⁴⁸ Morgunblaðið 19. október 1999.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- 1) Ágúst Ó. Georgsson. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1990.
- 2) Bjarni F. Einarsson. Fornleifaskrá Reykjavíkur. Árbæjarsafn 1995.
- 3) Eðvarð Ingólfsson. Baráttusaga athafnamanns. Endurminningar Skúla Pálssonar á Laxalóni. Æskan 1988.
- 4) Guðmundur Ólafsson. Fornleifaskráning í Reykjavík. Landnám Ingólfs, nýtt safn til sögu þess. Reykjavík 1986.
- 5) Hringvegur. Tvöföldun hringar frá Nesbraut að Víkurvegi og mislæg gatnamót Hringvegur og Nesbrautar. Frummat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Almenna verkfræðistofan hf. Reykjavík 1998.
- 6) Jónas Jónasson. Íslenzkir þjóðhættir. 3ja útg. Reykjavík 1961.
- 7) Sigurður Nordal. Þjóðsagnabókin II. Íslenzk þjóðfræði. Reykjavík 1972.
- 8) Þjóðminjar á Íslandi. Lög. Reglugerð. Skipurit. Stefnumörkun. Þjóðminjasafn Íslands 1998.

Óprentaðar heimildir

- 1) Ágúst Ó. Georgsson. Reykjavík, Grafarholt. Úr skjalasafni fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.
- 2) Bjarni F. Einarsson. Þjóðminjaskráning í Reykjavík, nr. 101-150. 17. ágúst, 1983. Þjóðminjasafn Íslands.

- 3) Guðmundur Ólafsson. Borgarminjar. Greinargerð. Þjóðminjasafn Íslands, 14. mars 1986.
- 4) Örnefnalýsing Grafarholts. Óprentað handrit e. Guðlaug R. Guðmundsson. Reykjavík 1977. Örnefnastofnun.

Bréf

- 1) Anna Lís Guðmundsdóttir. Bréf til Almennu verkfræðistofunnar hf. dags. 2. júlí 1998. Árbæjarsafn.
- 2) Guðjón Guðmundsson. Bréf til Árbæjarsafns dags. 10. nóvember 1998. Almenna verkfræðistofan hf.
- 3) Guðjón Guðmundsson. Bréf til Árbæjarsafns dags. 7. desember 1998. Almenna verkfræðistofan hf.
- 4) Margrét Hallgrímsdóttir. Bréf til Almennu verkfræðistofunnar dags. 9. desember 1998. Árbæjarsafn.
- 5) Páll Sigurðsson. Leyfi til flutnings svonefnds Grásteins við Vesturlandsveg dags. 23. nóvember 1998. Fornleifanefnd.
- 6) Viktor A. Ingólfsson. Tölvubréf til Þórs Magnússonar, þjóðminjavarðar, dags. 6. janúar 1999. Þjóðminjasafn Íslands.

Fjölmiðlar

- 1) Morgunblaðið 15. janúar 1999.
- 2) Morgunblaðið 19. október 1999.
- 3) Stöð 2. 19:19 20. júní 1994.
- 4) Stöð 2. 19:19 22. júní 1994.
- 5) Viktor A. Ingólfsson. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 25. janúar 1999. Vegagerðin.
- 6) Vísir 29. júlí 1971.

Grásteinn í Grafarholti

Álitsgerð um minjagildi ætlaðs álfasteins

- 1 Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumörkun um viðgerð bæjarins. Þór Hjaltalín.
- 2 Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús. Þór Hjaltalín.
- 3 Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970. Guðrún Harðardóttir.
- 4 Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi. Rannsókn á bæjarstæði dagana 21. – 23. júní. Guðmundur Ólafsson
- 5 Leitin að týndu lauginni. Sælingsdalslaug. Guðmundur Ólafsson
- 6 Reykholt í Borgarfirði. Framvinduskýrsla. Guðrún Sveinbjarnardóttir og Guðmundur H. Jónsson
- 7 Grásteinn í Grafarholti. Álitsgerð um minjagildi ætlaðs álfasteins. Ragnheiður Traustadóttir.



ÞÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS